

Reykjavík, 7. desember 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, 543. mál.

PLAY vísar til erindis frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis þann 30. nóvember síðastliðinn þar sem félaginu var veittur kostur að gefa umsögn um ofangreint mál.

Viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir er hluti af viðtækum aðgerðum sem vinna að því að berjast gegn skaðlegum breytingum á loftslagi jarðar. PLAY styður heilshugar markmið slíkra aðgerða og vill leggja sitt af mörkum í baráttunni við loftslagsvá.

Frumvarpið felur í sér viðamikla uppfærslu og innleiðingu evrópskra gerða á sviði umhverfisverndar. Verði frumvarpið að lögum munu lögín samræma og skerpa á skyldum einkaaðila í umhverfis mengandi rekstri og leggja á stjórnvöld frekari eftirlitsskyldur. PLAY hyggst ekki gera athugasemdir um einstaka þætti frumvarpsins en fagnar þeirri réttarbót sem ný lög munu hafa með sér.

PLAY hefur átt farsælt og uppbyggilegt samstarf við stjórnvöld um málaflokkinn. Starfsmenn hlutaðeigandi ráðuneyta og stofnana hafa svarað fyrirspurnum og sinnt öðrum erindum PLAY af kostgæfni.

Kostnaður flugfélaga vegna viðskiptakerfis ESB um losunarheimildir er verulegur. Þessi kostnaður hefur farið hækkandi síðustu ár, samhliða verðhækkunum á ETS-einingum.

Sennilega er kostnaður vegna ETS-eininga stærri hluti af rekstrarkostnaði PLAY en margir gera sér grein fyrir. Það varðar félagið því verulega hagsmuni að um viðskiptakerfi ESB gildi fyrirjáanleiki og stöðugleiki. Þetta á meðal annars við um tímasetningar á upplýsingagjöf og uppgjör á ETS-einingum. Óvissa og tafir um framkvæmd á viðskiptakerfinu auka þannig verulega líkurnar á að félagið verði fyrir umtalsverðu tjóni sem annars mætti forðast. Tímanleg innleiðing þessa reglna er því lykilþáttur í að stuðla að samkeppnishæfni og stöðugleika í rekstri og að koma í veg fyrir óþarfa tjón og verðmætamissi.

Það er ekki einfalt verk að innleiða viðamikla og á köflum flókna löggjöf Evrópusambandsins á sviði umhverfisverndar. Það er mikilvægt að það takist vel til og samstarf hins opinbera og einkaaðila sé eins og best verður á kosið. Í þeim anda ítrekar PLAY að tafir á innleiðingu ákvæða sem varða utanumhald og uppgjör ETS-eininga flugrekstraraðila eru líklegar til að valda félaginu óþarfa óvissu og tjóni. PLAY vill því brýna fyrir alþingismönnum nauðsyn þess að frumvarpið um viðskiptakerfi ESB verði að lögum fyrir lok árs.